

Ársskýrsla stjórnar Fjár-og hjarðhundadeildar 2018

Í stjórn Fjár- og hjarðhundadeildar eru þau

Hilmar Sigurgíslason, formaður
Ólafur Smári Sævarsson, gjaldkeri
Guðríður Eva Þórarinsdóttir ritari
Heidi Olsen, meðstjórnandi
Svava Björk Ásgeirsdóttir meðstjórnandi

Tengiliðir

Australian Cattle dog – Jóhanna Magnúsdóttir
Australian Shepherd - Systa Atla
Bearded Collie - Ástríður Magnúsdóttir
Berger Blanc Suisse-White Swiss Shepherd – Hjördís H. Ágústsdóttir
Border Collie - Guðrún Sigríður Sigurðardóttir
Briard - Valdís Rúnarsdóttir
Collie rough & Collie smooth - Guðríður Magnúsdóttir
Pembroke Welsh Corgi - Kristlaug Elín Gunnlaugsdóttir
Old English Sheepdog - Anna Jónsdóttir
Shetland Sheepdog - Lilja Dóra Halldórsdóttir

Stjórnarkjör

Kjörtímabil tveggja stjórnarmanna lýkur á þessum ársfundi, þeirra Hilmars og Svövu. Svava hefur ákveðið bjóða sig fram til endurkjörs . Hilmar gefur ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn, þökkum við þeim fyrir vel unnin störf fyrir deildina.

Starfsemi deildar á árinu.

Stjórnin hélt 4. formlega stjórnarfundum á árinu. Einnig er notað lokað fésbókarsvæði fyrir tengiliði og stjórn. Fulltrúar stjórnar mættu á fulltrúaráðsfundi á vegum HRFÍ á árinu. Á útisýningu HRFÍ í ágúst útvegaði deildin sjálfboðaliða við uppsetningu og vinnu á sýningunni. Tengiliðir deildarinn hafa í samráði við stjórn F-h séð um að manna vinnu á sýningum. Jafnframt var óskað eftir því þeir skiluðu inn ársskýrslu tengiliða 2018 til stjórnar fyrir ársfund F-h. Stjórnin telur nauðsynlegt að virkja tengiliði fyrir allar tegundir deildarinnar. Það breytist á síðasta ári þegar stjórn HRFÍ breytti reglum um val á tengiliðum, nú þarf að kjósa tengiliði á Ársfundum deildar og eru þá tengiliðir ekki starfsmenn stjórnar eins og áður var. Stjórn Fjár-og hjarð hefur ekki vald yfir tengiliðum lengur þar sem þeir eru kostnir á Ársfundi deildar og heyrja þá undir HRFÍ.

Stigahæstu hundar deildar verða heiðraðir að þessu sinni á Ársfundi deildarinnar, ásamt stigahæsta öldungi og stigahæsta ræktanda deildar.

Að loknu sýningarári 2018 er stigahæsti hundur deildar:
Australian Shepherd tíkin ISCh RW 18 Almark La La Land
Eigandi: Herdís Hallmarsdóttir/ Lilja Dóra Halldórsdóttir

Stigahæsti öldungur deildar:

Multi Ch Berger Blance Suisse-White Swiss shepherd, tíkin Vajra Diamont of Haely's Future,
Eigandi: Hjördís H. Ágústsdóttir, Anna Þórunn Björnsdóttir

Stigahæðsti ræktandi deildar:

Gunnarsholt ræktun White Swiss Shepherd Dog

Hjördís H. Ágústsdóttir

Fjórar tegundur innan Fjár og hjarðhundadeildar tóku þátt í Stórhundadögum í Garðheima.

Vegna dræmrar þátttöku var ekki haldið Smalaeðlipróf þetta árið.

Fjár-og hjarð stóð fyrir fræðslukvöldi um feldhirðu og stoðkerfi hunda.

Afrek ársins

Nokkrir hundar tóku þátt í vinnuhundaprófum hjá Vinnuhundadeild HRFÍ, brons og hlýðniprofum á árinu.

Bronsprófi luku tveir hundar á árinu.
Axfjarðar Kelduár Þoka og Undralands Force Majeure

Tveir hundar luku hlýðniprofi með 1. og 2. einkunn
Border Collie rakkinn Hugarafis Hróður og tíkin Hugarafis Gjóska

Helstu upplýsingar um fjölda hunda og sýningar 2018

Í ár hélt Fjár-og hjarðhundadeild deildarsýningu að Sunnuhvoli í Ölfusi þann 23. Október og dómari kom frá Lettlandi Beata Petkovic. Tókst sýningin í alla stað mjög vel við mjög góðar aðstæður í Reiðhöll að Sunnuhvoli.

Sýningarstjóri: Ingibjörg Ólafsdóttir, sýningarritari: Sunna Dís Jensdóttir,
hringstjóri: Jóna Th Viðarsdóttir

Skráðir voru á sýninguna 78. hundar úr 9. tegundum deildar, gaman var að sjá þennan föngulega fjölda fjárhunda sýna sig við afbrags aðstæður.

Buðum við ungum sýnendum að vera með og spreyta sig við að sína eingöngu fjárhunda. Til leiks mættu 12. ungir sýnendur í tveimur aldurhópum í dómhring hjá Jónu Th. Viðardóttur.

Á nýliðnu sýningarári HRFÍ voru haldnar 6. hundasýningar og 4. hvolpasýningar. Þar mættu 446 hundar frá Fjár-oghjarð ásamt 46 hvolpum á allar sýningar HRFÍ og að meðaltali voru sýndir 74. Fjárhundar og 12 hvolpar á hverri sýningu. Tíu tegundir innan Fjár-og hjarð voru sýndar á árinu: Australian Cattle dog, Australian Shepherd, Bearded Collie, Berger Blanc Suisse-White Swiss Shepherd, Border Collie, Briard, Collie Rough og Smooth, Old English Sheepdog, Shetland Sheepdog og Welsh Corgi Pembroke.

Eftir bestu vitund voru 195 virkir félagsmenn í deildinni og fjöldi hunda eru 676 skv. félagatali HRFÍ 2018.

Stjórnin vill þakka gott samstarf á árinu og hvetur félagsmenn til að vera virkari að mæta á viðburði og taka þátt í verkefnum sem deildinni eru falin. Starf deildarinnar stendur og fellur með ykkar þátttöku.

Tegund	Fjöldi gota	Fjöldi hvolpa	ISCh	C.I.B	Innfl	Augnskoð	Mjaðma mynd	ISVETCh	Unglið meista	Hund sýndi	Hvolpar sýndir
Australian Cattle dog	1	8	0	0	0	0		0		10	5
Australian Shepherd	3	8	5	2	3	21	4	2	3	170	14
Bearded Collie	0	0	0	0	0	0	0	0	0	6	1
White Swiss Shepherd	0	0	0	0	0	0	0	0	0	55	9
Briard	1	9	2	1	0	2		0	1	35	2
Border Collie	6	36	0	0	1	15	7	2	0	78	8
Collie Rough Smooth	2		0	0	0	0	0	0	0	31	5
Old English Sheepdog	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Pembroke Welsh Corgi	0	0	0	0	0	0	0	0	0	9	2
Shetland Sheepdog	3	11	2	0	1	0	0	0	0	65	4
Samtals	15	63	9	3	5	38	11	4	4	457	46

14. febrúar 2019

f.h. stjórnar Fjár- og hjarðhundadeildar HRFÍ
Hilmar Sigurgíslason formaður.